

# Glass felt

Flügger fiber felt og vefur fyrir uppsetningu á veggjum og loft. Býður upp á fegrandi útlit með eða án mynstur eftir því hvaða hönnun er valin. Lífgar upp á yfirborðið og vinnur á móti sprungum. Fullklárað með málningu í réttum gljúa og lit.



## Vörulýsing

Ómeðhöndlað glerfelt til uppsetningar á veggjum og lofti. Þyngd 35 g/m<sup>2</sup>.

Afar einfalt og þægilegt í uppsetningu. Ómettað yfirborð sem þarfnast

grunnunar. Þyngd 45 g/m<sup>2</sup>. Mjög einfalt og þægilegt í uppsetningu. Ómettað yfirborð sem þarfnast grunnunar.

- Afar einfalt og þægilegt í uppsetningu
- Lífgar upp á yfirborð
- Vinnur á móti sprungum

## Notkunarmöguleikar

Stofur / sameiginleg rými, forstofur og inngangssvæði, skrifstofur, eldhús, baðherbergi, atvinnuhúsnæði, heilsugæslustöðvar og verslanir. Hentar ekki yfirborðum þar sem þörf er á gufu- og vatnsheldinni vörn fyrir votrymi. Steypa, léttsteypa, gifs, gifsplötur, trefjaplötur úr gifsi.

## Undirlag

Verður að vera hreint, þurrt, þétt og henta til yfirborðsmeðhöndlunar.

## Meðhöndlun

Fjarlægjið laust efni og málningu með því að hreinsa og pússa. Fjarlægjið veggfóður sem fyrir er. Fjarlægjið óhreinindi, feiti og kalkefni með hreinsun. Vatnsleysanleg upplitun, nikótín og sót eru hreinsuð og meðhöndluð með þekjandi grunni. Hart, slétt undirlag skal pússa í matta áferð og mála með grunni. Jafnið út sprungur, ójöfnur og holur með fylliefni. Málið ídrægt og gljúpt undirlag með grunni.

## Notkun

Glerfeltklæðningar eru skornar í fulla lengt sem samsvarar þeim fleti sem á að þekja + 10 cm fyrir afskurð. Berið lím jafnt yfir snertiflötinn, 1-2 klæðningar í senn. Hengið klæðningarnar upp með því að festa þær frá brún í brún þannig að þær skarist og skerið umframefni meðfram saumnum. Fjarlægjið loftbólur með veggfóðurspaða. Skerið burt umfram glerfelt við aðliggjandi fleti. Strjúkið burt umfram lím með svampi og volgu vatni. Prófið alltaf viðloðun og útkomu fyrir upphengingu

## Væntanleg útkoma

Jöfn og slétt yfirborð. Það gætu verið einhverjar ójöfnur í yfirborðinu. Notið grunninn þegar yfirborð veggklæðningar er þurrt. Sanda skal meðalmikið ef þörf er á eftir að grunnurinn hefur þornað. Lokaáferð með málningu í þeim gljúa og lit sem óskað er eftir. Besta útkoman fæst eftir tvær umferðir. Varist að setja hluti á yfirborðið áður en málningin er að fullu hörðnuð.

## [taATDSUsefullInfo]

Lím sem mælt er með: Flügger Adhesive 377 Easy

# Athugið!

Tryggið góða loftun fyrir og eftir upphengingu.

## [taATDSSupplementalText]

Fjarlægjið sem mesta lími af verkfærunum og þrifið þau svo með vatni. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

## Tæknilegar upplýsingar

Vara	Filt og vefur
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Vatn
[taATDSTensileStrenghtHorizontal]	30
[taATDSTensileStrenghtVertical]	20
[taATDSWorkableTemperature]	Min. +10°C

### Núverandi TDS útgáfa

febrúar 2021

### Í staðinn fyrir TDS útgáfu

desember 2021